

# SKÁTASUMARIÐ 2023

Fyrsti upplýsingapóstur skátasumarsins 2023



Kæri félagsforingi og/eða starfsmaður,

Það gleður okkur að geta sent út fyrsta upplýsingapóst Skátasumarsins 2023 þar sem að skráning þátttakenda byrjar 1. Mars n.k. á [skraning.skatarnir.is](https://skraning.skatarnir.is).

Mótið verður haldið á Úlfjótuvatni dagana 12 – 16 júlí og er mótið ætlað drekaskátum, fálkaskátum, dróttskátum og rekkaskátum. Mótgjald er 43.000 ISK fyrir þátttakendur og inn í því verði er öll dagskrá, matur og utanumhald á mótinu sjálfu. Hvert félag fær að taka með einn frían foringja á hverja 10 þátttakendur en gjald fyrir auka foringja, umfram það, er 31.000 ISK. Einnig verður gerð undantekning fyrir þau félög sem vilja koma degi fyrr eða fara degi seinna vegna vegalengdar að kostnaðarlausu.

Við munum einnig bjóða upp á fjölskyldubúðir og dagskrá þar sem að hægt verður að kaupa dagskrá armband og Fjölskyldur geta þá tekið þátt í þeirri dagskrá sem verður opin þeim um helgina og fá öll þau sem koma í fjölskyldubúðir 50% afslátt af almennu tjaldsvæðisverði á meðan á mótinu stendur.

Dagskráin í ár verður eins fjölbreytt og síðast en með nokkrum lykil þáttum sem munu gera þetta skátasumar einstakt og upplifun sem skátarnir munu seint gleyma.

- Í ár verður táknræni rammi mótsins „Sjóræningjar“ og mun það þema umlykja mótið og dagsskrá þess. Við sjóræningjarnir munum sigla um höfin sjö (Úlfjótuvatn), finna fjársjóði, kynnast öðrum sjóræningjum og vinna saman að því að finna hinn dulda fjársjóð Úlfjótsvatns sem hið ógurlega sæskrímsli verndar og hefur legið fast síðan að landið milli Úlfjótsvatns og hafsins óx saman við undarlegar aðstæður.
- Einnig höfum við valið að leiða inn og keyra dagskrá pakka frá WOSM sem heitir Dialogue for Peace. Hægt er að sjá upplýsingar þess pakka hér : <https://members.scout.org/node/449956>
- Innifalið í dagskránni er dagsferð fyrir alla aldurshópa þar sem að hver aldurshópur fer á mismunandi staði á Suðurlandi til að leysa verkefni og safna upplýsingum sem munu nýtast áframhaldandi þegar komið er aftur á Úlfjótuvatn. Hver staður er valinn með getu hvers aldursbils fyrir sig í huga og er það hugarfar ríkjandi í skipulagningu dagskrá teymisins.



Á meðan við höldum áfram að vinna í skipulagningu mótsins þá langar okkur að gefa ykkur nokkrar dagsetningar sem við erum að vinna með. Þið getið búist við meiri upplýsingum frá okkur á þessum dögum en annars bendum við ykkur á að það er alltaf hægt að senda póst á okkur á netfangið [skatasumar@skatarnir.is](mailto:skatasumar@skatarnir.is) þar sem við svörum tölvupóstum á hverjum föstudegi.

Tímalína:

- 1. mars – Skráning þátttakanda opnar
- 20. apríl – Skráning þátttakanda Lokar
- 24. apríl – Skráning Sjálfboðaliða opnar
- 30. apríl – Endanleg dagskrá tilbúin og send út

Mánudaginn 13. mars n.k verður upplýsingafundur kl. 20:00 upp í BÍS. Fyrir þá sem eru ekki í Reykjavík og komast því ekki verður líka streymi á netinu. Hægt er að finna hlekkinn [hér](#).

Vonumst til að sjá sem flesta :)

Skátakveðjur,  
Mótstjórn skátasumarsins

